

25. Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga

Haldið á Hilton Hótel í Reykjavík, föstudaginn 25. mars 2011.

Halldór Halldórsson formaður sambandsins.

Ágætu landsþingsfulltrúar, starfsfólk og gestir.

Verið velkomin á 25. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldið er rúmlega hálfu ári eftir landsþingið á Akureyri. Á kosningarári fjórða hvert ár höldum við slíkt þriggja daga þing en þess á milli höldum við landsþing eins og þetta á einum degi. Það eru ekki mörg ár síðan árleg landsþing leystu svokallað fulltrúaráðsfundi af hólmi en fram að því voru landsþingin einungis á fjögurra ára fresti eins og þið áttið ykkur eflaust á; verandi á 25. landsþinginu hjá hálf sjötugu Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Það er mikilvægt fyrir sveitarstjórnarfólk að koma saman og bera saman bækur sínar, bæði á formlegu þingi sem þessu og í þeim hléum sem gefast til að tala saman. Af viðræðum mínum við sveitarstjórnarfólk undanfarin misseri má ráða að fólk er að takast á við misþung viðfangsefni en sameiginlegt er með flestum sveitarfélögum að þörfin fyrir frekari niðurskurð í rekstri er til staðar og verður það auðvitað áfram ef okkur tekst ekki að auka verðmætasköpun í þjóðfélaginu.

Verkefni landsþings

Það er gert ráð fyrir miklu vinnuframlagi frá ykkur í dag eins og á fyrri þingum okkar. Skipt verður í fimm vinnuhópa sem hafa það verkefni að leggja lokahönd á stefnu sambandsins út kjörtímabilið. Sambandið hefur að undanfögnu fjallað um mjög stór mál, sérstaklega í samskiptum við ríkisvaldið, sem varða allan sveitarstjórnarvettvanginn. Má þar nefna vinnslu á frumvarpi að nýjum sveitarstjórnarlögum, tekjustofna, fjármálareglur, skólamálin, lánamál sveitarfélaga, skipulagsmál, málefni fatlaðra og aldraðra og þannig má lengi telja upp stór og mikilvæg mál. Allt er þetta unnið í samræmi við mótaða stefnu en það er lykilatriði fyrir sambandið að hafa ítarlega stefnumörkun landsþinga og eftir atvikum annarra funda en fyrst og fremst landsþinga til að geta unnið í samræmi við vilja sveitarstjórnarfólksins í landinu.

Í framhaldinu verður gerð aðgerðaáætlun um hvernig ná megi settu marki. Skýr markmiðssetning er grundvöllur þess að sambandið geti unnið á

skilvirkan og gegnsæjan máta og það þjóni sveitarfélögum á þann hátt sem þau kjósa og vita hvernig staðið verður að, hvaða mál verða efst á baugi og hvert leiðarljósið er. Stefnumörkunin er því gríðarlega mikilvægt stjórnæki fyrir stjórn og starfsmenn sambandsins.

Hagræðingaraðgerðir sveitarfélaga

Okkur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga hefur mistekist að ná fram einhverju mikilvægasta verkefni sambandsins en það eru samræmdar aðgerðir við að ná fram frekari hagræðingu í skólamálu. Eftir þessu var kallað, skilaboðin frá sveitarstjórnarfólki hafa verið skýr, það þarf að hagræða frekar og það þarf aukinn sveigjanleika. Mér þykir leitt að standa hérna fyrir framan ykkur ágæta sveitarstjórnarfólk og segja að okkur hafi mistekist. En það er staðreynd, við förum fram með skýrar tillögur til menntamálaráðherra en ekki ein einasta þeirra hefur hlotið samþykki hennar – ekki ein einasta þrátt fyrir eins og hálf árs viðræður. Þess ber þó að geta að frumvarp um breytingar á grunnskólalögum er í burðarliðnum en þar eru ekki stórar breytingar sem gagnast sveitarfélögum í hagræðingaraðgerðum.

Í ítarlegri greinargerð með tillögum okkar til menntamálaráðherra sem lögð var fram í desember 2009, til að fylgja eftir tillögum okkar frá 6. nóvember 2009 segir m.a. þetta um tillögu okkar um hagræðingu með svokallaðri 5-4-3 leið:

„Samkvæmt fyrirbyggjandi útreikningum má ætla að það gæti skilað á bilinu 1,4 – 1,55 ma.kr. heildarsparnað, verði þessi leið farin í öllum sveitarfélögum landsins. Að teknu tilliti til kostnaðar af væntanlegum mótvægisáðgerðum yrði sparnaðurinn þó að líkindum frekar á bilinu 1,0 – 1,2 ma. kr. á ári.

Þessari hagræðingu virðist mega ná fram án þess að hróflað verði við kjarasamningum. Um er að ræða gagnsæja breytingu sem viðkomandi skólar ættu að eiga auðvelt með að láta haldast í hendur við mótvægisáðgerðir innan skólanna og aukið þjónustuframboð til heimilanna, þar sem þess gerist þörf sérstaklega gagnvart yngstu aldurshópunum. Að því gefnu að um sé að ræða tímabundna heimild, megi með samstilltu átaki, aðhaldi og eftirfylgni tryggja að þessi útfærsla bitni ekki á gæðum í skólastarfi.“

Ég tel tímabært að við fáum Alþingi til að skoða þetta mál í samstarfi við okkur á sveitarstjórnarstiginu. Fyrst ríkisstjórn, menntamálaráðherra í þessu

tilfelli, vill ekki vinna með okkur er eðlilegt að við snúum okkur til hins sjálfstæða Alþingis. Um leið og ég segi þetta vil ég ekki byggja upp óraunhæfar væntingar sveitarstjórnarfólks til þess að við náum árangri þar en okkur ber skylda til að reyna.

Sé ekki um neitt samstarf að ræða frá ríkisstjórn eða Alþingi sem hafa skorið niður í grunnþjónustunni, t.d. í rekstri sjúkrahúsa, langt umfram það sem sveitarfélögin eru að tala um er einungis eftir sá valkostur sem við höfum lýst svo oft að sveitarfélögin fari hinar og þessar leiðir í rekstrarhagræðingu varðandi grunnskólann. Það er að gerast núna, það eru engar samræmdar aðgerðir milli sveitarfélaga í gangi og þess vegna er hætt við því að jafnrétti nemenda til náms skerðist, það gæti farið að skipta meira máli hvar nemandinn býr. Ég fullyrði þrátt fyrir að vera með þessi varnaðarorð sem við höfum haft uppi gagnvart yfirvöldum menntamála í landinu að þrátt fyrir misjafnar leiðir leggur sveitarstjórnarfólk sig fram um að ganga gætilega fram gagnvart grunnþjónustunni. Við getum ekki sleppt því að hagræða þar eins og annars staðar. Reyndin er sú að miklu harðar hefur verið gengið fram í rekstrarhagræðingu á öðrum sviðum hjá sveitarfélögum en í þeim málaflokkum sem skilgreina má sem grunnþjónustu.

Stjórn sambandsins bókaði um niðurstöðu viðræðna við menntamálaráðherra á fundi sínum 25. febrúar sl.:

„Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga lýsir vonbrigðum sínum með að viðræður sambandsins og mennta- og menningarmálaráðuneytisins um hagræðingaraðgerðir í grunnskólarekstri, m.a. um fækkun kennslustunda og styttingu skólaársins, hafa ekki skilað árangri.“

Ég nefndi að sveitarstjórnarfólk hefur með skýrum hætti kallað eftir auknum sveigjanleika í skólastarfi. Aukinn sveigjanleiki tengist mjög kjarasamningum sem nú eru í vinnslu og tjái ég mig ekki frekar um það á þessu stigi málsins því við vonumst auðvitað til að það náist góðir og skynsamlegir kjarasamningar þar sem sveigjanleiki verði aukinn til hagsbóta fyrir alla hagsmunaaðila. Þar er einn hagsmunaaðilinn þó langstærstur. Munum við hver hann er? Ekki alltaf. Það er nemandinn sjálfur.

Í fjölmiðlaumfjöllun og í viðræðum við menntamálaráðherra um rekstur grunnskólans og vilja sveitarfélaga til að auka sveigjanleika fer umræðan oftast að snúast um átök um kaup og kjör og tengda þætti. Við

sveitarstjórnarfólk viljum ræða þetta útfrá gæðum skólastarfs og möguleika okkar til þess að gera breytingar án þess að það kalli á einhverjar orrustur í hvert skipti. Það er auðvitað óásættanlegt að vera svo háð samþykki menntamálaráðherra vegna þess að lög og reglur eru svo niðurnjörvuð að fátt er hægt að gera. Og ef menntamálaráðherra vill að sveitarfélögin hækki útsvarið eða geri eitthvað annað þá verður bara svo að vera, þannig er kerfið uppbyggt hjá okkur. Það er ekki skrytið þó maður velti stundum fyrir sér í þessu samhengi hvort það hafi verið óþarfi að kjósa allt þetta sveitarstjórnarfólk, alla þessa lýðræðislegu kjörnu fulltrúa í sveitarfélögunum til að taka ákvarðanir. Í rekstrarmálum grunnskólans er ákvarðanatakan a.m.k. annars staðar en hjá sveitarstjórnunum að alltof miklu leyti. Þessu verður að breyta og það segi ég með hagsmuni allra aðila í huga en þó fyrst og fremst þess sem skiptir öllu máli í þessu samhengi, nemandans.

Fjárhagsstaða sveitarfélaga

Í samskiptum við ríkisvaldið erum við stöðugt að reyna verjast því að ríkisstjórn og Alþingi leggi nýjar álögur á sveitarfélög eða dragi úr tekjum þeirra.

Tryggingagjald og aukaframlag í Jöfnunarsjóð eru dæmi um að ríkið hafi bæði aukið álögur og dregið úr tekjum sveitarfélaga með ákvörðunum í fjárlögum.

Það sem verra er að réttlæting á aðgerðum sem koma sér illa fyrir fjárhag sveitarfélaga af hálfu fjármálaráðherra er að ríkið hafi verið að gera sveitarfélögum svo mikinn greiða með því að heimila úttekt á séreignarlífeyrissparnaði sem sveitarfélög fá útsvarstekjur af að þau geti nú bara sætt sig við aukinn kostnað og tekjutap. Þetta er í besta falli á algjörum misskilningi byggt vegna þess að þær tekjur sem af séreignarsparnaðinum fást eru einungis flýting á skatttekjum til sveitarfélaganna eins og hjá ríkinu. Þær hefðu komið jafnar og lengur að öðrum kosti til sveitarfélaganna. Þetta eru því ekki nýir peningar.

Niðurstöður fjárhagsáætlana fyrir árið 2011 hafa verið birtar í fréttabréfi sambandsins eins og fyrri ár og eru aðgengilegar á vefsíðu þess. Reiknað er með að rekstrarútgjöld aukist einungis um 1,2% að nafnvirði milli ára. Hækkunin liggur fyrst og fremst í launaliðnum en gert er ráð fyrir að annar rekstrarkostnaður verði óbreyttur milli ára í krónutölu. Það þýðir nokkra

raunlækkun í útgjöldum sveitarfélaganna sem kemur til vegna markvissra sparnaðar- og aðhaldsaðgerða. Því má þó ekki gleyma að efnahagsástandið hefur haft í för með sér nokkra hækkun á ýmsum útgjaldaliðum s.s. húsaleigubótum, fjárhagsaðstoð og öðrum rekstrarliðum sem varða félagslegu þjónustu sveitarfélaganna.

Sveitarfélögin hafa allar götur frá efnahagshruninu haustið 2008 sýnt af sér skilvirk og ábyrg viðbrögð í því að aðlaga rekstur sinn að breyttu umhverfi og nýjum rekstrarlegum aðstæðum. Þau brugðust til dæmis miklu hraðar við en ríkisvaldið í því efni. Ríkisvaldið hefur síðan með aðgerðum sínum þurrkað stóran hluta af þeirri hagræðingu sem sveitarfélögin höfðu náð með aukinni skattlagningu eins og ég hef nefnt áður.

Skuldbindingar sem voru áður utan efnahags eru nú færðar sem langtímaskuldbindingar í efnahagsreikning. Það hefur í för með sér að bókfærðar skuldir hækka um rúmar 40 ma.kr. Í raun er skuldastaða sveitarfélaganna til þess að gera lítið breytt milli ára þar sem hér var um að ræða nauðsynlega og óhjákvæmilega tiltekt í efnahagsreikningi sveitarfélaganna að ræða.

Athyglisvert er að sveitarfélögin gera í ár ráð fyrir allt að 30% samdrætti í fjárfestingum miðað við fyrra ár. Það eru í sjálfu sér ábyrg viðbrögð af hálfu sveitarfélaganna miðað við það rekstrarumhverfi sem þau búa við um þessar mundir. Á hinn bóginn hefur samdráttur í fjárfestingum hins opinbera veruleg áhrif út í samfélagið og dýpkar kreppuna enn frekar. Það er vissulega áhyggjuefni í fleira en einu tilliti.

Nokkur sveitarfélög eiga í töluverðum rekstrarerfiðleikum og fjárhagsvanda. Þau eiga erfitt með að endurfjármagna lán sín. Mál þeirra hafa verið skoðuð af sambandinu, ríkinu, innlendum sem erlendum lánastofnunum og nú síðast var að koma út skýrsla Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga. Niðurstaða allra þessarar aðila er skýr. Viðkomandi sveitarfélög þurfa að hagræða, skera niður kostnað og auka tekjur sínar ef mögulegt er, til að hækka framlegðina. Þau verða að sýna fram á að reksturinn skili nægum afgangi til að standa undir lánum. Lánastofnanir eru ekki tilbúnar að ráðast í endurskipulagningu lánasafnsins, með lengingu lána og dreifingu greiðslubyrði á lengri tíma, nema sveitarfélagið leggi fram trúverðuga áætlun um betri rekstarafkomu. Það er ekki nóg að lækka fjárhæðir í áætlunum. Það þarf að skera niður magn eins og sagt er. Það þarf að sýna

hvernig menn hyggest ná niður kostnaði. Þetta er því mikil áskorun og grafalvarlegt verkefni sem sumar sveitarstjórnir glíma við um þessar mundir til að forðast fjárhagsleg áföll.

Ég hef þá trú að flestum sveitarfélögum takist að leysa sín mál á þessum forsendum en það verður ekki sársaukalaust. Það kostar áræðni og útsjónarsemi hjá sveitarstjórnarmönnum og öðrum stjórnendum sveitarfélaga. Nauðsynlegt er að upplýsa íbúanna um alvarleika málsins og reyna eftir fremsta megni að fá þá til að skilja nauðsyn aðgerðanna. Það munu ekki koma gjafapeningar til að leysa málin. Þeir eru einfaldlega ekki til.

Það er og verður áfram frekar þung staða í rekstri sveitarfélaganna, hrunið breytti öllum forsendum og við erum enn að takast á við afleiðingar þess og of mikillar skuldsetningar. En á móti kemur auðvitað að víða eru verðmætar fjárfestingar til staðar sem munu skila tekjum þegar fram líða stundir.

Eitt af því sem við hjá sambandinu ætlum okkur að leggja meiri áherslu á er aukin notkun fjarfundabúnaðar. Við höfum fengið gagnrýni frá ýmsum sveitarfélögum varðandi skipulagningu funda sem mætti oftast senda út í gegnum fjarfundabúnað. Við þökkum þessa gagnrýni og hyggjumst nýta okkur hana og má sjá það í fjárhagsáætlun sambandsins fyrir árið 2011 en þar er sérstök fjárveiting í þessi mál.

Aukin notkun fjarfundabúnaðar getur dregið úr rekstrarkostnaði með lækkun ferðakostnaðar sveitarstjórnarfólks og minni fjarveru frá vinnu og heimili.

Almennt má segja að stjórnarsýslan á Íslandi þurfi að taka sig á í rafrænni stjórnarsýslu bæði hjá ríki og sveitarfélögum. Þetta sýna rannsóknir sem bera saman Ísland við önnur lönd. Á langflestum heimilum og í fyrirtækjum eru tölvur og tenging við internetið. Við þurfum að nýta okkur þetta betur, þannig má spara enn meira í rekstrinum og oft á tíðum bjóða betri þjónustu.

Tónlistarskólamáli

Við höfum verið í viðræðum við ríkið um tónlistarskólamáli í allmörg ár. Okkar mat er að viðræður séu á jákvæðu stigi, þær hafa tekið alltof langan tíma það getum við verið sammála um. Af hálfu sambandsins hefur því verið haldið fram í viðræðunum að ríkið ætti að sjá um kostnað við tónlistarkennslu þegar nemendur eru komnir á framhaldsskólaaldur en

sveitarfélög fram að því. Líkleg niðurstaða er eitthvað millistig þarna á milli með því að færa framhaldsstigið til ríkisins en grunnstig og miðstig verði áfram hjá sveitarfélögum. Það er ekki tímabært að kveða endanlega upp úr með niðurstöðuna en við skulum segja að við trúum því að það náist árangur.

Málefni fatlaðra

Frá og með 1. janúar eru sveitarfélögin með málefni fatlaðra á sinni könnu. Samningar tókust um það eftir vandað ferli af hálfu verkefnisstjórnar ríkis og sveitarfélaga og mikillar vinnu í sveitarfélögunum og þjónustusvæðunum. Þessi yfirlýsing er dæmi um samþykkt og stefnumótun landsþinga. Það verður að segjast að almennt hefur yfirlýsingin gengið vel. Engar formlegar kvartanir hafa borist frá notendum þjónustunnar það hafa komið upp smáhnökrar en ekkert alvarlegt. Nú er mikilvægt að sveitarfélög og þjónustusvæði haldi vel utan um þau frávik sem óhjákvæmilega koma upp þegar flókinn málaflokkur er fluttur á milli. Það er skýrt ákvæði um endurskoðun á hinum faglega og fjárhagslega þætti og nauðsynlegt að vera með öll frávik vel kortlögð.

Málefni aldraðra

Í samræmi við samþykkt landsþings 2006 og undirritaðar viljayfirlýsingar ríkis og sveitarfélaga er talað um flutning á málefnum aldraðra til sveitarfélaga. Í yfirlýsingu er talað um 1. janúar 2012. Það er ljóst að ekki verður hægt að standa við þær fyrirætlanir því sérstök nefnd um flutning á málefnum aldraðra hefur ekki verið skipuð ennþá. Við eigum að leggja áherslu á að vanda okkur frekar en að flýta okkur. Málefni aldraðra eru flókinn málaflokkur og við þurfum að vinna mikla skilgreiningarvinnu til að átta okkur á umfangi hans. Auk þess erum við að flytja málefni fatlaðra yfir og það fer mikil orka í það hjá sveitarfélögunum. Vöndum okkar, flýtum okkur ekki um of.

Atvinnumál

Á þessu landsþingi ætlum við að ræða atvinnumálin og fáum til þess Katrínu Júlíusdóttur iðnaðarráðherra og Kristinn Jónasson bæjarstjóra. Það er ljóst að um allt land eru gríðarlegar áhyggjur af stöðu atvinnumála. Ég hef rætt við marga sveitarstjórnarmenn um þetta og í framhaldi af því var ákveðið að fjalla sérstaklega um atvinnumál í dag. Vinna er hafin við svokallaðar sóknaráætlanir landshluta og ríkisstjórnin hefur samþykkt svokallaða

sóknaráætlun eða Ísland 2020. Það hefur ekki byggst upp mikil trú í gegnum árin á byggðaáætlanir ríkisvaldsins og því verður maður var við mikla tortryggni víða gagnvart þessum nýju áætlunum ríkisins. Þar vegur líka þungt að sveitarstjórnarfólk segir hreint út að ríkisvaldið vinni gegn uppbyggingu atvinnutækifæra með því að kæfa verkefni sem hafi lengi verið í undirbúningi, sérstaklega verkefni sem byggi á nýtingu auðlinda landsins.

Þetta er grafalvarleg staða og mikilvægt að ræða hana hér. Við tölum um fjárhagsstöðu sveitarfélaga, tekjur, útgjöld og skuldir. Það allra mikilvægasta í þessu samhengi er auðvitað að nýta atvinnutækifærin því við þurfum á meiri tekjum að halda og eigum að ýta undir ný tækifæri en ekki koma í veg fyrir þau. Við eigum að stækka þjóðarkökuna og muna að eitt útilokar ekki annað í atvinnumálum.

Ágæta sveitarstjórnarfólk. Við förum vonandi af þessu þingi með gott nesti fyrir okkur sem stýrum málum hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Það er oft flókið að stilla saman strengi allra sveitarfélaga í landinu og tala fyrir málum sem snerta þau öll. Stefnumótun landsþinga er tækið sem gerir það mögulegt.

Landsþingið er undirbúið af starfsfólki sambandsins og vil ég færa því bestu þakkir fyrir góðan og vandaðan undirbúning.

25. landsþing sambandsins er hér með sett.

(Ég legg til að þau Jón Helgi Björnsson, formaður bæjarráðs Norðurþings, og Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, formaður bæjarráðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, verði þingforsetar á þessu þingi.

Eru aðrar tillögur um þingforseta?

Þau eru þá rétt kjörin og bið ég þau að taka við stjórn þingsins.)